

Túnvingull [Rauðvingull] (*Festuca rubra* + *ssp. arctica* eða *F. richardsonii*)

Enska; Red fescue, danska; Rød svingel, norska; Raudsvingel, sænska; Rödsvingel

Tegundalýsing og kjörlendur

Túnvingull er frekar hávaxið lauspýfið fjölært og skriðult puntgras. Smáoxin eru rauðleit, fjólublá eða (sjaldnar) gulgræn. Blöð hans eru oft þráðlaga og saman brotin með v-laga þverskurð. Stráblöðin eru jafnan flöt og styttri en stofnblöðin. Neðstu slíðrin eru rauð eða rauðbrún og oft hærð en hárin gisin. Túnvingull er mjög breytilegur og er hugsanlega samheiti yfir fleiri en eina skyldar tegundir. Villtur íslenskur túnvingull (*Festuca richardsonii* eða *F. rubra ssp. arctica*) er með skriðular rennglur og grönnum endilöngum upprúlluðum blágrænum blöðum. Innfluttur túnvingull (sem sumir kalla rauðvingul [*Festuca rubra*]) er ljósleitari, hágvaxnari og með breiðari blöðum. Túnvingull er mjög algengur um allt land og vex í margskonar gróðurlendi en best í sandi og því stundum nefndur sandvingull og sandtaða heyið af honum. Hann vex í allt að 1200 m hæð og er algengur í alskonar tünnum en er þó sjaldan ríkjandi.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Túnvingull var í áratugi ein algengasta tegundin í grasfræblöndum fyrir túnrækt. Í dag er hann ekki eftirsóttur vegna þess að hann er ekki eins lystugur og önnur fóðurgrös. Túnvingull þolir beit en er ekki mjög eftirsótt beitarpanta. Í tünnum er hann ræktaður með það fyrir augum að hann tryggir endurvöxt eftir slátt og fylli eyður sem koma smám saman í grassvörðinn til dæmis eyður eftir vallarfoxgras í þurrum jarðvegi. Fóðurgildi og uppskera innflutts túnvinguls er í meðallagi en er ekki alltaf endingargóður. Innlendir túnvingull er uppskeruminni. Sé hann sleginn snemma getur hann gefið ágæta háaruppskeru.

Ræktunarleiðbeiningar

Túnvingull gerir ekki miklar kröfur til jarðvegs og vex bæði í illa framræstum mýratünnum og þurrum sandatünnum og reynist oft vel í móajarðvegi. Túnvingull er ekki ræktaður í hreinrækt nema í sandjarðvegi til landgræðslu. Í túnrækt á að rækta hann í blöndu með öðrum grastegundum. Algengast er að sá með honum vallarsveifgrasi og vallarfoxgrasi. Yfirleitt er til nokkuð úrval af yrkjum á markaði (Sjá Nytjaplöntur á Íslandi, rit LbhÍ og BÍ, sem kemur út árlega). Þúsund kornþyngd túnvingulsfræs er 1,0 til 1,6 g og hlutur túnvinguls í blöndum er allt að 10 kg á ha. Sáðdýpt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera þétt og fínunnið. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Það gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös (sjá Handbók bænda).

